



# Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ísafjarðarbær  
b.t. Bæjarstjórnar  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Ísafirði, 21. júní 2021  
2104060 BE

## Efni: Skýringa óskað

Verkalýðsfélagi Vestfirðinga hafa borist ábendingar varðandi málefni áhaldahúss Ísafjarðarbæjar á Ísafirði sem vekja upp spurningar um stefnu Ísafjarðarbæjar í starfsmannamálum og þjónustu við bæjarbúa.

Samkvæmt upplýsingum félagsins hefur áhaldahús bæjarins sinnt víðtækri þjónustu við bæjarbúa og aðrar rekstrareiningar bæjarins. Mönnun áhaldahússins hefur verið þannig að þar hafa verið við vinnu tveir verkstjórar, einn garðyrkjumaður, einn verkstæðismaður og sex verkamenn þeim til aðstoðar. Í vetur varð þar breyting á þar sem einn verkamaður hætti og ekki var ráðið í hans stöðu, og í kjölfarið var þremur verkamönnum að auki sagt upp störfum. Nú virðist svo að þessi þjónustudeild við íbúa eigi að vera mönnum þannig að við störf verði tveir verkstjórar, einn garðyrkjumaður, einn verkstæðismaður og tveir verkamenn þeim til aðstoðar. Stöðugildum verkamanna fækkar um 66,6% og að því er virðist án þess að verksvið þeirra breytist utan þess að snjómokstri verður útvistað.

Fyrirgreindar breytingar eru róttækar og eru Verkalýðsfélagi Vestfirðinga áhyggjuefni þar sem vegið er að starfsumhverfi og starfsöryggi félagsmanna okkar.

Framkvæmd uppsagna hefur verið lýst á þann veg að í upphafi vinnudags hafi grandalausum starfsmönnum áhaldahússins verið boðið til fundar á skrifstofum Ísafjarðarbæjar þar sem þeir voru teknir hver inn á sér skrifstofu og sagt upp störfum samtímis. Jafnframt því hafi þeim verið meinaður aðgangur að áhaldahúsinu frá og með þeirri stundu og til að nálgast persónulega muni sína á vinnustað hafi þeir þurft að móttaka þá úr hendi verkstjóra utan við húsið. Miðað við þessar lýsingar hefur harka þessarar aðgerðar verið langt fram úr meðalhófi, enda ekki verið að segja starfsmönnum upp vegna brota í starfi. Verkalýðsfélag Vestfirðinga óskar skýringa á framkvæmd umræddra uppsagna.

Í ljósi þess að verkamönnum áhaldahúss fækkaði um 66,6% við þessa aðgerð er eðlilegt að álykta að ekki sé lengur hægt að sinna allri þeirri þjónustu við bæjarbúa sem starfsmenn áhaldahússins hafa sinnt fram að þessu. Öðrum starfsmönnum voru kynntar breytingarnar með þeim hætti að þjónusta yrði skert og ekki væri þörf á fleiri starfsmönnum. Hins vegar hafa þjónustuþegar, svo sem leikskólar, verið fullvissaðir um að þjónusta myndi ekki breytast neitt. Niðurstaðan virðist vera sú að nú eiga þessir tveir verkamenn sem eru eftir að vinna það sem sex verkamenn unnu áður. Er það stefna Ísafjarðarbæjar að skerða þjónustu við íbúa eða stendur til að útvista þessum verkefnum?

Hagur Ísafjarðarbæjar alveg eins og Verkalýðsfélags Vestfirðinga er að verja störf á svæðinu og þess vegna er mikilvægt að stíga varlega til jarðar í útvistun verkefna. Ljóst er að verkamenn í áhaldahúsi eru ekki hálaunamenn og til að útvistun verkefna sé hagkvæm þarf einhver annar að vinna verkið með minni tilkostnaði en gert var fyrir. Mikilvægt er að sveitarfélagið okkar standi ekki fyrir því


## Verkalýðsfélag Vestfirðinga

---

að þrýsta launum niður á svæðinu okkar, en þegar láglaunastörfum er útvistað er hætt á að sú kostnaðarminnkun sem ná á fram, sé að endingu greidd úr vasa verkamannsins. Með vísan til 88., 88.a, og 89. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 er óheimilt að gera verktakasamninga um störf þar sem ráðningarsamband á við samkvæmt venju og eðli máls. Í þeim tilfellum sem verktakasamningar eru heimilir hefur Ísafjarðarbær eftirlitsskyldu með því að undirverktakar virði lög og kjarasamninga, og ber bæjarfélagið því endanlega ábyrgð á kjörum þeirra sem vinna verkið að lokum.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga óskar eftir upplýsingum um stefnu Ísafjarðarbæjar varðandi útvistun verkefna ásamt upplýsingum um hvernig útvistun verkefna er stýrt samkvæmt innkaupastefnu með tilliti til keðjuábyrgðar.

F.h. stjórnar Verkalýðsfélags Vestfirðinga,

  
\_\_\_\_\_